

Pinto Coelho gegn Portúgal

Dómur frá 28. júní 2011

Mál nr. 28439/08

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmíðlar. Umfjöllun um lögreglurannsókn. Opinberir starfsmann. Uppljóstrun trúnaðarmála.

1. Málsatvik

Kærandi, Sofia Pinto Coelho, er portúgalskur ríkisborgari, fædd árið 1963 og búsett í Lissabon. Hún er fréttamaður og sér um dómsmálaumfjöllun fyrir sjónvarpsstöðina SIC í Portúgal.

Árið 1999 flutti kærandi frétt þess efnis að fyrrum deildarstjóri rannsóknardeildar lögreglunnar, sem vikið hafði verið úr starfi, hefði verið ákærður fyrir brot á þagnarskyldu. Fjölmíðlar höfðu áður en þetta átti sér stað fjallað talsvert um mál deildarstjórans og gefið hafði verið í skyn að hann hefði lekið upplýsingum um sakamál sem hann hafði haft til rannsókna. Í frétt sinni sýndi kærandi afrit af ákærinni og öðrum skjölum tengdum málinu.

Kærandi var í kjölfar birtingar fréttarinnar ákærð fyrir að hafa birt málsgögn áður en dómur lá fyrir en slík birting er refsiverð samkvæmt refsilögum landsins. Var hún sakfelld fyrir þá háttsemi sem henni var gefin að sök og var dæmd til greiðslu 400 evra sektar auk málskostnaðar. Áfrýjunum hennar til áfrýjunardómstóls Lissabon og Stjórnskipunardómstóls landsins var vísað frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði undan því að sakfelling hennar vegna frétttaflutnings væri skerðing á tjáningarfrelsi sínu og bryti því í bága við 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Fyrir dómstólnum lá að leysa úr því hvort sakfelling kæranda hefði talist skerðing á tjáningarfrelsi hennar og ef svo væri hvort slík skerðing hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Dómstóllinn áréttaði að fjölmíðlar gegndu því mikilvægu hlutverki að miðla hvers konar upplýsingum og hugmyndum til almennings. Þeim bæri engu að síður að gæta að mannorði og réttindum þeirra sem fjallað væri um. Þá væri yfirvöldum heimilt að skerða tjáningarfrelsi til þess að koma í veg fyrir uppljóstrun trúnaðarmála. Þetta þýddi þó ekki að fjölmíðlar gætu almennt ekki fjallað um mál sem rekin væru fyrir dómstólunum heldur aðeins að þeim bæri að varast að birta viðkvæm skjöl sem gætu haft áhrif á rekstur máls og möguleika aðila á að fá réttláta málsmeðferð.

Hvað varðaði frétttaflutning kæranda taldi dómstóllinn að almenningur hefði haft hagsmuni af þeim upplýsingum sem þar komu fram enda hefði málið varðað opinberan starfsmann sem grunaður var um brot í starfi. Dómstóllinn leit svo á að landsdómstólar hefðu ekki tekið tillit til tjáningarfrelsis kæranda við sakfellingu hennar. Sakfellingin hefði eingöngu grundvallast á því að kærandi hefði birt gögn úr dómsmáli sem ekki hefði fallið dómur í. Yfirvöld hefðu ekki fært sönnur á að birting umræddra gagna hefði haft áhrif á rannsókn eða rekstur málsins. Að mati dómstólsins var slíkt ófrávíkjanlegt bann við birtingu ákveðinnar tegundar upplýsinga í sjálfu sé of mikil skerðing á tjáningarfrelsinu.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans þar sem ekki hefði verið tekið tillit til tjáningarfrelsisins við sakfellingu hennar.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Portúgal gert að greiða kæranda 4.040 evrur vegna fjárhagslegs tjóns sem hún hafði orðið fyrir.